

Bókarýni

Litróf kennsluaðferðanna

Ingvar Sigurgeirsson



Mynd fengin af:

<https://www.eymundsson.is/nanar/?productid=6645990a-3686-4660-aff0-f5e757cb937d>

Hér verður fjallað um bókina „Litróf kennsluaðferðanna“ eftir Ingvar Sigurgeirsson. Fyrst fer ég yfir bókfræðilegar upplýsingar og hversu oft hefur verið vitnað í bókina í erlendu efni. Þá kynni ég höfund bókanna í stuttu máli og útskýri hvers vegna ég valdi þessa bók til að fjalla um. Í næsta kafla fer ég yfir uppbyggingu bókanna, innihald hennar og í lokin fjalla ég um bókina og það sem vakti helst áhuga minn við lestur hennar.

Bókfræðilegar upplýsingar

Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*. Æskan, Reykjavík.

Tilvitnanir í bókina

Samkvæmt google scholar hefur verið vitnað tvisvar sinnum í bókina. Bókin kostar 4495 krónur hjá Bóksölu Stúdenta.

Um höfund bókanna

Ingvar Sigurgeirsson, höfundur bókanna, er dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands.



Hann er með D.Phil gráðu og M.A. gráðu í uppeldis- og kennslufræðum frá Sussex háskóla og B.Ed. próf frá Kennaraháskóla Íslands. Ingvar hefur mikla og víðtæka reynslu af skólastarfi. Hann hefur rannsakað kennsluáferðir í skólum hér á landi, leiðbeint og verið ráðgefandi um kennsluhætti, kennslutækni, námsefnis- og námskrárgerð, námsmat, skólaþróun og mat á skólastarfi. Hann hefur einnig skrifað fjölmargar námsbækur og handbækur sem nýttar hafa verið við nám og kennslu eins og „Að mörgu er að hyggja“ og „Skólstofan: umhverfi til náms og þroska“.

Mynd fengin af: <https://uni.hi.is/ingvars/kennsluvefir/>

Ástæðan fyrir vali á bókinni

Ég valdi þessa bók vegna aðalega vegna þess að ég átti hana til. Hún er ein af þeim bókum sem var á listanum mínum yfir bækur fyrir í B.Ed. námið sem ég lauk árið 2008. Margar af þeim bókum sem ég keypti, seldi ég aftur en ekki þessa bók. Ég var viss um að hún myndi nýttast mér í kennslu seinna meir svo ég hélt henni eftir. Ég hef í gegnum tíðina aðeins flett í þessari bók en aldrei látið verða að því að lesa hana alla – fyrir en nú. Ég taldi nefninlega að núna væri gott tækifæri til þess að taka mér þessa bók í hönd og lesa hana – loksins – alla. Þá gæti ég eiginlega slegið tvær flugur í einu höggi – væri með bók fyrir verkefni fyrir bókaryni og léti loksins verða að því að lesa bókina.

Fyrir hverja er bókin

Bókin er ætluð sem handbók um helstu kennsluáferðir og ætluð kennurum eða kennaraefnum. Í bókinni eru tugir kennsluáferða og leiðbeingar um beitingu þeirra. Bókin er einkum miðuð við kennslu í grunnskólum en getur einnig nýst kennurum á öðrum skólastigum. Bókin er góð fyrir alla sem hafa áhuga á kennslu og kennsluáferðum.

Uppbygging bókar

Bókin hefst á formála þar sem höfundur fer yfir nauðsyn þess að gefa út bók sem þessa þar sem vöntun sé á aðgegnilegri handbók á íslensku fyrir kennaraefni og kennara um kennslu, undirbúning kennslu, kennsluaðferðir og námsmat. Þá kemur inngangur þar sem innihald bókarinnar er kynnt og hugtakið kennsluaðferð er útskýrt. Þar á eftir kemur kafli um fas, framkomu og verklag kennara þar sem vel er farið í raddbeitingu og líkamstjáningu ásamt leiðum til að vekja áhuga og vilhalda honum. Níu aðalkaflar bókarinnar fjalla svo sérstaklega um: útlistunarkennslu, þulunám og þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir, innlifunaraðferðir og tjáningu, þrautalausnir, leitaraðferðir, hópvinnumbrögð og sjálfstæð, skapandi viðfangsefni. Í bókinni er einnig mikið af gagnlegum ábendingum til kennara um námsefni og fræðilegt efni. Bókin nýtist mjög vel við kennslu í grunnskólum en ekki síður við kennslu fullorðinna. Eins og ég kom inn á hér fyrir í færslunni, þá er bókin mín síðan árið 1999 og hún hefur verið „uppfærð“ fyrir nokkrum árum síðan. Ég sé að í nýju útgáfu bókarinnar hefur efnið verið endurskoðað, aukið og uppfært m.a. með hliðsjón af hinni hröðu þróun í upplýsingatækni frá fyrstu útgáfu bókarinnar – enda full þörf á því. Gamla útgáfan stendur þó engu að síður fyrir sínu.

Bókin er í heildina 168 blaðsíður. Kaflarnir eru eins og áður sagði níu talsins. Heiti þeirra eru eftirfarandi: 1. Útlistunarkennsla, 2. Þulunám og þjálfunaræfingar, 3. Verklegar æfingar, 4. Umræðu- og spurnaraðferðir, 5. Innlifunaraðferðir og tjáning, 6. Þrautarlausnir, 7. Leitaraðferðir, 8. Hópvinnumbrögð og að lokum 9. Sjálfstæð, skapandi viðfangsefni.

Innihald

Hér verður rakið í grófu máli innihald bókarinnar út frá því sem vakti helst athygli mína við lestur hennar.

Í upphafi bókarinnar, nánar tiltekið í inngangnum, fjallar höfundur um persónulega reynslu sína af kennara sem varð til þess að hann ákvað sjálfur að verða kennari.

Kennsluaðferðir og framkoma þessa kennara, sem kenndi mannkynssögu, varð til þess að kveikja brennandi áhuga á mannkynssögu hjá mörgum af sínum nemendum. „Þessum kennara ætla ég að líkjast“ segir höfundur og eru það mikil meðmæli fyrir kennara. Þessi saga höfundar er skemmtilega fram sett og vekur strax áhuga á að lesa meira í bókinni. Þessi saga er einnig góður inngangur í næsta hluta bókarinnar sem er „fas, framkoma og verklag kennara. Þar er farið yfir raddbeitingu og framkomu kennara. Þar vekur sérstaklega athygli mína ábending höfundar á að varast hikorð eins og „...hérna..“, „...sko...“ og „...hm...“. Höfundur talar um að hikorð séu afar hvímeið fyrir áheyrendur og geti verið mjög truflandi. Þetta tengi

ég við eigin reynslu og kannast vel við það að hætta að fylgjast með þegar þetta hefur komið fyrir í fyrirlestur. Þá talar höfundur um mikilvægi þess að hafa þægilega rödd og geta beitt henni á lifandi hátt sem er sérstaklega góður kostur fyrir kennara. Höfundur fjallar einnig um líkamstjáningu kennarans og áhrifasvæði hans. Þannig skiptir hreyfing kennarans fyrir framan nemendur máli til að halda áhuga þeirra. Þessu til stuðnings birtir hann mynd sem sýnir hvar kennarinn er mest áberandi. Þá fjallar hann um „kveikju“ og bendir á nokkur dæmi. Í þessum hluta er líka gott yfirlit um helstu rannsóknir á aðferðum sem haft geta áhrif á námsáhuga. Sett eru upp í töflu 33 atriði og aðferðir sem virðast geta haft jákvæð áhrif á námsáhuga nemenda. Fleirri góð ráð eru í þessum hluta eins og spurningatækni og aðferðir við undirbúning og einnig er matslisti sem hægt er að nota til að meta frammistöðu fyrir framan hóp þar sem verið er að útskýra. Næstu hlutar bókarinnar nefnast „Eðli og einkenni kennsluaðferða“ og „Flokkun kennsluaðferða“ þar sem höfundur útskýrir frekar kennsluaðferðir og kennsluhætti ásamt því að skoða skilgreiningu annarra fræðimanna. Þá hefst hann handa við að flokka kennsluaðferðir saman og útskýrir í stuttu máli megininkenni hvernar þeirra fyrir sig. Höfundur gerir að umtalsefni vandamálið við að flokka þessar kennsluaðferðir þar sem ekki virðast vera til fræðilega viðurkenndar aðferðir til að flokka þær og á litlu öðru að byggja en reynslu og skoðun höfundar. Í lokin er tafla sem er gott yfirlit yfir helstu flokka kennsluaðferða, meginmarkmið þeirra og helstu kröfur sem þær gera til kennara og nemenda. Þá hefjast kaflarnir nú – einn fyrir hverja kennsluaðferð. Hver kafli hefst á yfir-kennsluflokknum en síðan er farið í undirflokkana hvern fyrir sig. Reglulega, í hverjum kafla fyrir sig, eru dálkar með ítarefni úr kaflanum. Þessir dálkar eru t.d. „Góð ráð um fyrirlestrarhald“ og „Mat á verklegri kennslu“ svo fá dæmi séu tekin. Flestir þessir kaflar falla vel að fullorðinsfræðslu en þó eru nokkrir sem miða frekar að kennslu barna og/eða ungmenna.

Umfjöllun

Litróf kennsluaðferðanna er bók sem nýtist vel sem handbók við undirbúning kennslu, hvort sem það er fyrir kennslu fullorðinna eða barna. Hún er vel uppsett og auðvelt að lesa hana þar sem uppbyggingin er þannig að efnið er aðgengilegt og auðvelt að finna það sem maður leitar að. Efnisyfirlitið er mjög ítarlegt og auðveldar manni mikið leitina. Þá er taflan yfir kennsluaðferðirnar einnig mjög nytsamleg. Eins og áður kom fram er þessi bók miðuð við kennslu í grunnskólum en hún nýtist einnig vel við kennslu fyrir fullorðna. Í henni eru kennsluaðferðir sem eru vel til þess fallnar að falla að kennslu fullorðinna námsmanna. Kennsluaðferðir eins og útlistunarkennsla (t.d. fyrirlestrar) sem henta líklegast frekar

fullorðnum námsmönnum frekar en börnum. Þó eru þarna kennsluaðferðir sem höfða síður til fullorðinna námsmanna eins og söguaðferðin og landnámsaðferðin en það er aldrei að vita. Bókin hefur í það minnsta að geyma fjölda kennsluaðferða sem vel er hægt að nýta og það ætti ekki að vera erfitt að finna þá aðferð sem hentar við þá kennslu sem fyrirhugað er að halda. Eini gallinn er að þessi bók sem ég hef í höndunum er aðeins komin til ára sinna enda prentuð árið 2005 sem 5. prentun 1. útgáfu og vantar því ýmislegt í sambandi við tæknilega framsetningu sem hefur breyst mikið síðan þá. En eftir því sem ég kemst næst þá er nú komin út ný og endurbætt 2. útgáfa (2013) þar sem bætt hefur verið úr tæknihliðinni.

Um höfund þessarar greinar



Höfundur greinarinnar er Sigríður Björk Kristinsdóttir. Sigríður er grunnskólakennari að mennt og meistaranemi í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf við Háskóla Íslands. Bókarýnin er unnin sem verkefni í námskeiðinu Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum vorið 2017 undir umsjón Hróbjarts Árnasonar.

Bókarýnin er unnin út frá leiðbeiningum í tímaritinu History: How to write a critical book review. Sótt af <https://apps.carleton.edu/curricular/history/resources/study/criticalbookreview/>